
Efnistaka, 520.000 m³, við Eyri í Reyðarfirði

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 18. maí 2018 lagði Hafnarsjóður Fjarðabyggðar fram frummatsskýrslu um allt að 520.000 m³ efnistöku við Eyri í Reyðarfirði til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 25. maí í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 26. maí til 9. júlí á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar á Reyðarfirði, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Fjarðabyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Þann 27. nóvember 2018 lagði Hafnarsjóður Fjarðabyggðar fram matsskýrslu og óskaði eftir áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: 520.000 m³ efnistaka við Eyri í Reyðarfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Alta, 18. maí 2018.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Fjarðabyggð með bréfi dags. 11. júní 2018.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 12. júní 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 19. júní 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 30. maí 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 17. október 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. júní 2018.

Matsskýrsla: 520.000 m³ efnistaka við Eyri í Reyðarfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Alta, 2018.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að Hafnarsjóður Fjarðabyggðar þurfi að hafa aðgang að seti úr sjó til uppbyggingar á iðnaðar- og hafnarsvæðum í Reyðarfirði og Eskifirði, þar sem það sé mun hagstæðara að nýta set úr sjó en af landi. Því sé mikilvægt fyrir Fjarðabyggð að til sé efnistökusvæði með öllum tilskildum leyfum og nægilegu magni efnis til framtíðarnýtingar þegar nauðsyn krefur. Hafnarsjóður hafi því unnið að því síðustu árin að finna álitlegt svæði í sjó í Reyðarfirði til að nema á milli 500 - 600.000 m³ af seti. Nokkrir staðir hafi verið skoðaðir fyrir efnistöku af þessari stærðargráðu. Sá staður sem helst komi til greina eftir skoðun á umhverfispáttum, efnismagni o.fl., sé á sjávarbotni utan við jörðina Eyri í Reyðarfirði. Á grunni fyrirliggjandi upplýsinga um magn sets í sjó neðan við Eyri og möguleg umhverfisáhrif vegna efnistöku, þá hefur Hafnarsjóður Fjarðabyggðar ákveðið að undirbúa efnistöku við Eyri í Reyðarfirði.



Mynd 1. Efnistökusvæðið við Eyri er merkt með rauðum lit (mynd úr matsskýrslu).

Fram kemur að framkvæmdin felist í því að nema allt að 520.000 m³ af efni í áföngum á um 10 ára tímabili af hafsbotni, utan netlaga, fyrir framan jörðina Eyri. Farið var í rannsóknarefnistöku í ágúst 2017 og hafi setþykkt verið mæld innan athugunarsvæðis við Eyri.

Tilgangur efnistökkunnar sé öflun efnis fyrir uppbyggingu iðnaðar- og hafnarsvæðis við Mjóeyrarhöfn og vegna framtíðarverkefna og viðhalds annarra hafna í Fjarðabyggð, einkum í Reyðarfirði og Eskifirði. Fyrirhugað efnistökusvæði sé 108.000 m² að flatarmáli og sé ráðgert að vinna niður á allt að 25 m dýpi eftir atvikum. Ef tækifæri gefist til að vinna efni neðar muni það verða gert, eða niður á allt að 40 m dýpi. Dýpt vinnslusvæðis sé háð því skipi sem fengið verði til dælingar. Niðurstöður setþykktarmælinga sýni að mikil setlög eða rétt tæplega milljón rúmmetrar séu innan athugunarsvæðisins alls. Innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis séu um 615.000 m³ niður á 20 m dýpi og 742.000 m³ niður á 25 m dýpi. Talið sé að setið sé frá nútíma og því líklegt að það sé í lausu formi og dælanlegt. Jafnþykktarlínur úr setþykktarmælingum sýni að setið sé allt að 18 m þykkt á athugunarsvæðinu.

Fram kemur að sýni hafi verið tekin á athugunarsvæðinu og þar í kring vegna rannsókna á seti og botndýralífi. Setsýni hafi verið tekin og greind með sex borkjörnum, auk setsýnis sem hafi verið dælt upp á einum stað utan við athugunarsvæðið. Skoðun á setkjörnum R1 til R6 sýni að í kjörnum R1 til R4 á svæðinu austanverðu sé aðallega möl. Í vestustu kjörnunum þ.e. R5 og R6 sé aðallega silt, með miklu magni af dauðum kóralþörungum. Möl sé vaxandi í kjörnunum, eftir því sem austar dregur að útfalli Eyrarár, þannig að hún eykst hlutfallslega frá R4 til R1. Svæðið við eystri setkjarnana við Eyri virðist því heppilegt til uppdælingar og fyllingar. Niðurstaða rannsóknarefnistöku sýni að setið við Eyri henti vel í landfyllingar. Kornastærðagreining sýni að efnið sé að mestu sendin möl, með lítið innihald fínefna. Enga kóralþörunga sé að finna í kjörnum R1 til R4, þ.e. innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis, en dauðir kóralþörunga séu í miklu magni í R5 og R6, utan fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Rannsóknir á rofhættu við strönd vegna efnistöku, sýni að rofhætta við strönd sé ekki til staðar.

Tilhögun efnistöku


Fram kemur að þegar hafist verði handa við hafnarframkvæmdir sé dæluskip fengið til verksins til að dæla efni fyrir tiltekna framkvæmd í afmarkaðan tíma. Því sé ekki um að ræða stöðuga dælingu



efnis allan ársins hring. Hverju verkefni sé skipt í nokkra áfanga, þar sem byggja þurfi upp landfyllingu í nokkrum lögum. Efni sé þá numið í u.þ.b. tvær vikur í senn. Síðan sé nokkurra vikna hlé á meðan setið fær tíma til að setjast í landfyllingunni.

Grugg og flutningshraði

Fram kemur að efni sé dælt upp í lest dæluskips með sjó. Efnið sé skilið frá sjónum í lestinni og verði eftir í skipinu. Í frárennslinu sé nokkuð magn fínna efnis (silt og leir) í sviflausn sem myndi gruggfleck við dæluskipið þegar það skili sér til baka í sjóinn. Það fari eftir stærð og þyngd korna og straums sjávar hversu langt gruggið geti borist og hversu hratt það falli til botns. Umfang gruggs ráðist af efnisgerð á námusvæðinu þ.e. hversu mikið sé af fínefnum á móti sandi og möl.



Mynd 2. Samkvæmt matsskýrslu verður efnistöku háttáð þannig að efni verður tekið með því að færa bakka setlagastaflans í geil. Þannig færast bakkinn nær ströndu (mynd úr matsskýrslu).

Samkvæmt rannsókn Hafrannsóknastofnunar liggja straumur í Reyðarfirði alls staðar samsíða dýptarlínunum, að jafnaði inn fjörðinn að norðan og út að sunnan. Meðalstraumur á 10 m dýpi frá lokum júlí fram í byrjun október sé 2,5 cm/s inn fjörðinn og 3,0 cm/s út fjörðinn. Því megi gera ráð fyrir því að grugg berist í sjó út fjörðinn frá Eyri við efnistöku með 3,0 cm/s hraða. Erfitt er að segja fyrir um umfang á gruggmekki frá dæluskipi þar sem fallhraði agna ræðst af ýmsum umhverfisaðstæðum sem straumfræðilíkon nái ekki vel yfir. Af sömu ástæðum geti verið erfitt að yfirfæra reynslu og mælingar sem gerðar séu við aðrar aðstæður en þær sem hér eiga við. Til viðmiðunar eru því notaðar hér mæliniðurstöður, sem gefi til kynna að fallhraði í gruggmekki sé gegnugsneitt um 1 mm/s en að hraðinn sé mjög háður kornastærð. Þar sem straumhraði sé að meðaltali um 30 mm/s megi gera ráð fyrir að áhrifa af gruggmekki á 20 metra dýpi gæti í 600 metra fjarlægð austan við efnistökuastaðinn.

Efnisvinnsla og frágangur

Fram kemur að mikilvægt sé að vinna efnið þannig að vinnslan hafi sem minnst áhrif á lífríki botnsins í nágrenni við efnistökusvæðið og landslag utan efnistökusvæðisins. Með því að nema set úr eins



Þykkum setbunkum og kostur er, sé tiltölulega litlu yfirborði raskað, miðað við efnismagn sem numið sé á brott og þar með dregið úr áhrifum á lífríki eins og kostur er. Við vinnslu þurfi að tryggja að halli nýrra hlíða sem myndist, verði þannig að þær verði stöðugar til framtíðar. Þannig megi draga úr líkum á að hrun verði úr nýjum setbrúnum eftir efnistöku og áhrifa á sjávarbotn og lífríki gæti langt út fyrir fyrirhugað efnistökusvæði. Efnið verði numið í áföngum og smám saman farið neðar í setlagastaflann. Við lok efnistöku muni vinnslusvæðið verða eins og geil inn í setlagastaflann með hallandi hlíðum. Til að hlíðarnar, sem eftir verði, séu stöðugar sé gert ráð fyrir að flái á svæðinu verði flatari en náttúrulegur flái er í dag. Með því að ganga frá efnistökusvæðinu með slíkum halla séu lágmarkaðar líkur á því að hrun verði á jaðri efnistökusvæðisins og frekari áhrifa gæti á sjávarbotn en sem nemi mörkum efnistökusvæðisins. Þeim sem falin verði dæling, verði gert að vinna setið og ganga frá svæðinu í samræmi við ofangreint.

Valkostir

Í matskýrslu kemur fram að við val á ákjósanlegu svæði til efnistöku úr sjó hafi verið horft til helstu áhrifaþátta með það fyrir augum að finna efnistökusvæði sem tryggði að umhverfisáhrifin yrðu ekki umtalsverð. Því hafi verið lögð áhersla á að finna svæði sem uppfyllti eftirfarandi:

- Að eiginleikar setsins, s.s. með kornastærðar- og berggreiningum, lægju fyrir og tryggt að efnið væri nothæft við gerð landfyllinga og dælanlegt.
- Að á svæðinu væri fremur þykkt set á afmörkuðu svæði á dýpi niður á um 25 m, sem dæluskip gætu almennt náð til. Þannig verði tiltölulega litlu yfirborði raskað miðað við það efnismagn sem fæst.
- Að vistkerfi og minjar á svæðinu séu þekkt, og tryggt að hvorki væri verið að raska vernduðum né einstökum tegundum eða merkum minjum.

Helstu staðir sem horft hafi verið til sem efnistökuastaða séu við Sléttuá, Hróteyri, Holtastaðaeypri, Miðstrandareypri, Ljósá, Syðri - Hjálmeyri og Eyri. Fyrirliggjandi séu efnisrannsóknir frá öllum þessum svæðum nema í botni Reyðarfjarðar við Sléttuá og Miðstrandareypri. Þegar landslagið neðansjár við ströndina er skoðað sjáist að við Eyri er eitt stærsta setsvæði á grunnsævi þ.e. fyrir ofan 20-25 m í innri hluta Reyðarfjarðar fyrir utan setlög við ósa Sléttuár. Eyri þótti eitt álitlegasta svæðið til efnistöku af ofangreindum kostum. Ein ástæðan var sú að ljóst væri að setbunkinn framan við Eyri væri eitt stærsta setsvæðið í Reyðarfirði og að svæðið væri utan netlaga og eignarhald því skýrt. Einnig kom fram í ábendingum á fundum frá Hafrannsóknastofnun að ástæða væri til að halda efnistöku frá ósum Sléttuár, einkum vegna seiða, ef önnur álitleg svæði væru til staðar í Reyðarfirði. Ákveðið var að halda óskum um frekari efnistöku frá ósum Sléttuár frá í bili m.a. vegna flatfisks- og bleikjuseiða.

Fram kemur að Hafnarsjóður ákvað í framhaldi að láta mæla setþykkt við Ljósá og Eyri og kanna nánar efnisgerð við Eyri. Í ljós kom álitlegt setsvæði við Ljósá, en jafnframt var ljóst að þar væri einvörðungu að finna lítinn hluta þess efnis sem hafnarsjóður þyrfti til framtíðar.

Við rannsókn á setkjörnum við Eyri hefur komið í ljós að mól virðist þekja eystri hluta athugunarsvæðisins. Efnið henti vel til landfyllinga líkt og hafnarsjóður fyrirhugi. Tilraunadæling á efstu 20-40 cm í setlagastaflanum, sem sé allt að 18 m þykkur, sýni að setið er vel dælanlegt á þessu svæði.



3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 Hafsbötn

Mat Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar

Í matsskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að svæði á hafsbötni sem nemi um 108.000 m² breytist við efnistöku. Við leit að efnistökusvæði hafi verið lögð áhersla á að finna þykk setlög, þ.a. sem hlutfallslega minnstu yfirborði verði raskað við efnistöku fyrir hvern rúmmetra af efnisnámi. Fyrirhugað efnistökusvæði hafi verið afmarkað með tilliti til þessa og afmarkað á svæði með þykkasta setinu innan athugunarsvæðisins. Áhrif á set verði töluvert neikvæð þar sem það verði fjarlæggt af afmörkuðu svæði og áhrifin eru varanleg og óafturkræf. Setlögin á fyrirhuguðu efnistökusvæði séu blanda af súru og basísku bergi. Setlögin séu úr algengu íslensku bergi og að engu leyti einstök hvorki á lands- eða heimsvísu. Með hliðsjón af ofangreindu sé ekki talið að efnisnámið muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á jarðlög í botni Reyðarfjarðar.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur það jákvætt að efni verði tekið af hafsbötni þannig að sem minnstu yfirborði botns verði raskað. Hins vegar mun efnisnámið ævinlega hafa neikvæð, óafturkræf áhrif í för með sér. En með því að vinna setið í geilum í hliðar setsins líkt og er fyrirhugað og tryggja hallalitle bakka verði unnt að halda neikvæðum áhrifum í lágmarki. Með því móti eru minni líkur á hruni úr bökkum og áhrif á yfirborð setlagastaflans eru minni heldur en ef efnistakan yrði af yfirborði setlaganna.

3.2 Vistkerfi og búsvæði

Mat Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar

Í matsskýrslu kemur fram að helstu umhverfisáhrif efnistökkunnar verði á botndýralíf, en búsvæði botndýra raskist við efnistöku og hverfi alveg innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Önnur búsvæði muni þó myndast í hlíðunum sem myndist að efnistöku lokinni. Hver þau verði muni ráðast af dýpi, halla, grófleika á botni og öðru slíku. Þá geti grugg sem myndist við dælingu lagst yfir lífríki á botninum í kringum efnistökusvæðið. Niðurstöður rannsókna á botndýralífi, þar sem botndýralíf var rannsakað á stöðvum S1 - S5, sýni að engar sjaldgæfar tegundir botndýra fundust á svæðinu, né lifandi eintök af kóralþörungum. Brot af dauðum kóralþörungum fundust á viðmiðunarstöðinni S4, sem sé vestan við efnistökusvæðið. Í ljósi þessa séu kóralþörungur því hættir að móta hið fjölbreytilega þrívíddarumhverfi sem þeir myndi lifandi. Lífríki á sand- og malarbotni í innri hluta Reyðarfjarðar sé fremur einsleitt. Líkan af botninum sýni að það séu víða setlög á svipuðu dýpi og á athugunarsvæðinu við Eyri. Því megi draga þær ályktanir að svipuð búsvæði og við Eyri, sé víða að finna í Reyðarfirði. Einnig liggja fyrir niðurstöður rannsókna á búsvæðum, bæði innan og utan efnistökusvæðisins. Niðurstöður sýni að botndýrasamfélög á efnistökusvæðinu séu tegundaauðug en svipuð og finnast á svipaðri botngærd og dýpi við stendur landsins. Verndargildi þessara tegunda teljist lágt en engar sjaldgæfar tegundir hafi fundist á svæðinu. Áhrif efnistökkunnar á botndýralíf séu talin talsvert neikvæð þar sem botndýr verði numin á brott á afmörkuðu svæði og hverfi. Þegar efnistöku sé lokið hafi lífríki tækifæri til að sækja yfir á nýjar hlíðar sem muni myndast.

Fram kemur að við efnistöku muni fíngerðara efni þyrlast upp úr setinu við efnistökuhausinn og sömuleiðis í kringum skipið við dælingu á efni um borð. Gera megi ráð fyrir því að setið í grugginu setjist til á sjávarbotni í næsta nágrenni við það svæði sem verið sé að vinna hverju sinni. Áhrifa vegna gruggs muni gæta í allt að 600 m fjarlægð frá efnistökusvæðinu. Áhrif gruggs á vistkerfi og búsvæði innan þess svæðis séu talin vera bein, tímabundin og afturkræf, þar sem gera megi ráð fyrir að botndýralífið nái sér aftur á fáeinum árum. Þær tegundir sem gruggið kunni að hafa áhrif á, hafi lágt verndargildi og séu algengar á svæðis- og landsvísu. Áhrif gruggs á vistkerfi og búsvæði utan fyrirhugaðs efnistökusvæðis séu því talin óveruleg.



Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að ekki sé líklegt að lífríki fari í sama horf að lokinni efnistöku þar sem dýpi og kornastærð botnsins á efnistökusvæðinu sé gjörbreytt. Engu að síður megi búast við því að einhvers konar lífríki nái fótfestu að loknum framkvæmdum.

Niðurstaða

Fram hefur komið að botndýrasamfélög séu fremur einsleit en tegundaaúðug og sambærileg þeim sem finnst á svipaðri botngerð við strendur landsins. Tegundirnar séu algengar um allt land. Verndargildi þeirra telst ekki mikið. Skipulagsstofnun telur að þó svo að verndargildi botndýrasamfélaga á efnistökusvæðinu sé lágt þá sé mikilvægt að halda raski á yfirborði setlagastaflans sem minnstu við efnistöku. Með hliðsjón af því telur Skipulagsstofnun jákvætt að efnistökunni verði háttáð þannig að reynt verði að vinna efni af fremur miklu dýpi með því móti að brún setlaganna færist nær landi líkt og áformað er. Engu að síður mun efnistakan hafa nokkur neikvæð áhrif á vistkerfi botnsins á efnistökusvæðinu þar sem það verður fyrir beinni röskun og um er að ræða rask á stóru svæði. Skipulagsstofnun telur að áhrif af gruggmyndun verði nokkuð neikvæð en tímabundin og ólíkleg til að hafa veruleg áhrif á botndýralíf á svæðinu.

3.3 Fiskur

Mat Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar

Í matsskýrslu kemur fram að litlar líkur séu á því að laxfiska sé að finna í Eyrará. Því sé ekki talið líklegt að laxfiskum, né seiðum, stafi sérstök hættu af fyrirhugaðri efnistöku við Eyri. Til að lágmarka möguleg áhrif efnistökkunnar á sjóbleikju muni efnistaka fara fram utan þess tíma sem sé viðkvæmastur á lífsskeiði þeirra, þ.e. að vori eða snemma sumars. Samkvæmt ábendingum Hafrannsóknarstofnunar sé æskilegt að halda efnistöku til hlés eins og unnt er í maí mánuði, til að lágmarka áhættu efnistökkunnar á möguleg áhrif á göngufisk. Fjarðabyggð muni fylgja þeim tilmælum.

Fram kemur að flatfiskaseiði haldi sig einkum í leir- og sandfjörum en sæki einnig í leirur og ósasvæði á mörkum ferskvatns og sjávar. Eyrará sé ekki ein af helstu ám sem falla í innanverðan Reyðarfjörð, en helstu ósasvæðin séu innst í firðinum þar sem m.a. Sléttuá og Norðurá renni í fjörðinn. Samkvæmt ofangreindu þá virðist setið við Eyri ekki vera ákjósanlegt búsvæði fyrir flatfiskaseiði. Flatfiskaseiðin haldi sig einkum á leirum innst í fjörðum og því sé ólíklegt að þau sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ekki sé gert ráð fyrir að efnistaka á um 11 ha svæði í Reyðarfirði muni hafa marktæk áhrif á afkomu skarkolastofnsins.

Fram kemur að þorskseiði sæki í þarskóga sem séu á hörðum botni, sem ekki sé til staðar við Eyri. Því sé talið ólíklegt að þorskseiði séu á svæðinu við Eyri. Samkvæmt ábendingum Hafrannsóknarstofnunar sé æskilegt að halda efnistöku til hlés eins og kostur er, í ágúst og fram í október, til að lágmarka áhættu efnistökkunnar á möguleg áhrif á flatfiska- og þorskaseiði. Fjarðabyggð muni hafa samráð við Hafrannsóknarstofnun um tímasetningu efnistöku að hausti. Á grunni ofangreinds, þá er efnistakan talin hafa óveruleg áhrif á fisk.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að egg og lifur flatfiska og þorsks séu sviflæg langt fram eftir sumri en verði botnlæg seinni hluta sumars og fram á haust. Sá hluti sumars sé því viðkvæmastur fyrir þau. Stofnunin fagnar því að samráð verði haft við hana um tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af áhrifum á seiði.

Niðurstaða

Í gögnum framkvæmdaraðila hefur komið fram að hvorki sé talið að efnistökusvæðið sé auðugt af laxfiska- né flatfiskaseiðum. Skipulagsstofnun telur því að það sé líklegt að framkvæmdirnar hafi óveruleg áhrif á fisk en leggur engu að síður áherslu á samráð Fjarðabyggðar við Hafrannsóknarstofnun um tímasetningu efnistöku að hausti í ljósi umsagnar stofnunarinnar.



3.4 Landslag og landbrot

Mat Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar

Í matsskýrslu kemur fram að helstu áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á landslag ofan flæðarmáls kunni að verða vegna mögulegs landbrots vegna hennar. Vegagerðin lagði mat á hvort framkvæmdin væri líkleg til að valda landbroti. En niðurstöður sýni að ekkert bendi til þess að fyrirhuguð efnistaka muni valda rofi. Helstu áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á landslag á hafsbotni verði vegna efnisnámsins sjálfs, þ.e. brotnáms sets við vinnslu. Efnistakan muni valda breytingum á landslagi sem séu óafturkræfar, þar sem svæði munu hverfa og landslag breytast. Endurnýjun þessa sets taki langan tíma, þar sem það hafi verið að myndast á síðustu 10.000 árum. Mikilvægt sé að skilja þannig við efnistökusvæðið að efnistöku lokinni að nýjar hlíðar séu stöðugar. Fylgt verði ábendingum Vegagerðarinnar um að skilinn verði eftir flái á bilinu 1:5 til 1:6 eftir efnistöku til að lágmarka líkur á að áhrifa hennar á neðansjávarlandslag gæti út fyrir mörk efnistökusvæðisins.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila og telur ekki líklegt að efnistökkunni muni fylgja aukið landbrot. Þá telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að nýir bakkar í setlögum verði með það litlum fláa að ekki komi til þess að hrynji úr þeim með tilheyrandi áhrifum á umhverfið. Að því tilskyldu telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að efnistakan hafi verulega neikvæð áhrif á landbrot eða landslag á hafsbotni.

3.5 Fiskeldi

Mat Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar

Í matsskýrslu kemur fram að fiskeldi sé víða stundað í Fjarðabyggð, m.a. í Reyðarfirði. Fiskeldissvæði vestan við efnistökusvæðið kallast Hjálmeyri og sé fiskeldi þar í matsferli. Svæði austan við Eyri kallist Gripaldi og sé rekstur þar nýlega hafinn. Einu áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á fiskeldi, séu talin geta verið vegna gruggmyndunar, sem hafi áhrif á vatnsgæði í næsta nágrenni við dæluskipið. Grugg muni ekki hafa áhrif á súrefnismagn í vatnsbolnum því ekki sé um að ræða lífrænt efni. Hafstraumur liggja frá efnistökusvæðinu til austurs út fjörðinn. Því megi gera ráð fyrir að gruggið berist út fjörðinn í átt að Gripalda með 3,0 cm/s hraða, en berist ekki inn fjörðinn að Hjálmeyri. Gripaldi sé í 1,46 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði en fyrir liggur að áhrifasvæði gruggs takmarkist við 600 m fjarlægð frá efnistökusvæði. Því sé ekki talið að grugg geti borist að fiskeldissvæði Gripalda, austan við fyrirhugað efnistökusvæði. Varðandi möguleg samlegðaráhrif efnistökkunnar og rekstur fiskeldis á svæðinu á botndýralíf, sé ólíklegt að þau verði einhver í ljósi þess hve ólík samsetning sé á gruggi vegna efnistökkunnar í samanburði við lífræn úrgangsefni sem fylgja fiskeldi. Það eigi einnig við, þar sem ólíklegt sé talið að setið muni berast að Gripalda yfir höfuð. Efnistakan sé talin hafa óveruleg eða engin umhverfisáhrif á fiskeldi í Reyðarfirði.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að ólíklegt sé að efnisnám við Eyri muni hafa í för með sér neikvæð áhrif á fiskeldi í Reyðarfirði. Fjarlægð og straumhraði til næsta fiskeldissvæðis við Gripalda sem er í straumstefnu er hagstæð með hliðsjón af áhrifum gruggs á fiskeldi. Það eru því hverfandi líkur til þess að grugg vegna efnistöku við Eyri geti valdið búsifjum í fiskeldi við Gripalda. Önnur núverandi sem og fyrirhuguð eldissvæði í firðinum eru í mun meiri fjarlægð.



4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er utan netlaga og því ekki háð leyfi Fjarðabyggðar. Framkvæmdin er háð nýtingarleyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 73/1990 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Í matsskýrslu Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar er gerð grein fyrir allt að 520.000 m³ efnistöku af hafsbotni við Eyri í Reyðarfirði. Ráðgert er að efnistakan standi í 10 ár. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif efnistökkunnar felist í varanlegum og óafturkræfum áhrifum á landslag og jarðmyndanir á hafsbotni. Að mati Skipulagsstofnunar er mögulegt að takmarka neikvæð áhrif með því að raska sem minnstu af yfirborði botnsins og vinna setlög af botni með því að færa brún setlagastaflans að landi. Jafnframt þarf að tryggja að nýir bakkar verði nægjanlega flatir til að koma í veg fyrir að þeir verði óstöðugir og hindra með því mögulegt hrun úr þeim. Framkvæmdaraðili hefur lýst því yfir að slíkt verklag verði viðhaft.

Botndýrasamfélög á svæðinu eru skv. framlögðum gögnum tegundaaúðug en hvorki fágæt né hafa hátt verndargild. Skipulagsstofnun telur að efnistakan muni hafa nokkur neikvæð áhrif á vistkerfi botnsins á efnistökusvæðinu þar sem það verður fyrir beinni röskun og um er að ræða rask á stóru svæði og verður um langvarandi áhrif að ræða. Skipulagsstofnun telur að áhrif af gruggmyndun verði nokkuð neikvæð en tímabundin og ólíkleg til að hafa veruleg áhrif á fiskeldi eða botndýralíf á svæðinu.

Reykjavík, 21. desember 2018.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson